

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags háskólamenntaðra sérfræðinga**

Fundur haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) og Félaga háskólamenntaðra sérfræðinga (FHS), miðvikudaginn 17. mars 2021 kl. 13:00. Fundurinn var haldinn í fjarfundi.

**Mætt voru:**

Fyrir hönd félaganna: Hjalti Einarsson, Bragi Skúlason og Júlíana Guðmundsdóttir.

Fyrir hönd sambandsins: Inga Rún Ólafsdóttir, Bjarni Ómar Haraldsson og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

**Petta gerðist:**

**1. Bókun 8**

Bókun 8 um starfsmatskerfið SAMSTARF í kjarasamninga aðila frá árinu 2020 er svohljóðandi:

„Fyrir liggur að endurskoðum starfsmatskerfisins SAMSTARF hefst í september 2020. Í þeirri vinnu verður sérstök áhersla lögð á að þróa kerfið með þeim hætti að það nái betur utan um störf háskólamenntaðra sérfræðinga og stjórnenda. Aðilar eru sammála um að vinnuhópi, skipuðum fulltrúum frá hvorum aðila, verði falið að skoða mat á störfum stjórnenda og háskólamenntaðra sérfræðinga innan starfsmatskerfisins SAMSTARF og skoða sértækar lausnir vegna starfa þeirra. Þessi vinna verði unnin eins og hægt er samhliða endurskoðun starfsmats sbr. bókun 3 frá 2020. Niðurstöður vinnuhópsins skulu liggja fyrir eigi síðar en 30. september 2021. Hafi aðilar ekki náð sameiginlegri niðurstöðu fyrir þann tíma eru aðilar sammála um að taka upp viðræður um röðun starfa utan starfsmats sem taki gildi með nýjum kjarasamningi frá 1. janúar 2022 sem gildir til 31. mars 2023. Sá samningur innihaldi sömu hækkningar og aðrir samningar sem SNS hefur gert við aðra viðsemjendur á þessu samningstímabili. Aðilar eru sammála um að náist ekki fram lausnir vegna ofangreindra félaga með fyrrgreindri endurskoðun og viðræður um röðun starfa utan starfsmats verða árangurslausar, skal röðun starfa haldast óbreytt til 31. mars 2023 og tryggt að grunnlaunaröðun starfa lækki ekki.“

Á fundi samstarfsnefndar 5. nóvember 2020 var samþykkt að skipa vinnuhóp með tveimur aðilum frá hvorum aðila fyrir sig til að koma málum í tengslum við bókun 8 í farveg.

Fyrir hönd sambandsins eiga Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sæti í vinnuhópnum.

Fyrir hönd FHS eiga Júlíana Guðmundsdóttir og Hjalti Einarsson sæti í vinnuhópnum.

Lögð hefur verið fram aðgerðaráætlun vegna bókunar 8.

Vinnuhópur mun funda fljótlega til að ræða mál tengd starfsmati.

## 2. Bókun 11

Bókun 11 um áfanga til sérfræðiviðurkenningar í kjarasamningi aðila frá árinu 2020 er svohljóðandi:

„Aðilar eru sammála um að skoða hvort og þá hvaða hópar séu með sérfræðiviðurkenningu frá Embætti landlæknis. Fyrir árslok 2020 skal samstarfsnefnd útfæra nánar með hvaða hætti áfanga til sérfræðiviðurkenningar verði metnir til launa með sambærilegum hætti og hjá öðrum félögum innan BHM. „

Fulltrúar SNS skoða málið betur fyrir næsta fund.

## 3. Sérákvæði 1 í kjarasamningi aðila frá 2020 um skipulag vinnutíma í skólum

Sérákvæði 1 í kjarasamningi aðila frá árinu 2020 um skipulag vinnutíma í skólum er svohljóðandi:

„Skipulag vinnutíma í grunnskólum skal mótast í samráði viðkomandi stjórnanda og starfsmanns. Stjórnandi skal rökstyðja áform sín um skipulag vinnutímans og endanlega ákvörðunartöku að afloknu þessu samráði. Við ákvörðun á skipulagi vinnutíma skal tryggja að nægur tími sé til ráðgjafar til kennara og annarra starfsmanna, stefnumótunar, verkefna- og gæðastjórnunar. Auk þess skal tryggja gott svigrúm fyrir starfsmann til endur- og símenntunar. Sérstaklega skal fjallað um samvinnu og stuðning annarra starfsmanna við heildarskipulagningu vinnunnar. Mikilvægt er að mat á skiptingu vinnutíma starfsmanns í einstaka þætti sé raunhæft og að tillit sé tekið til tímabundins álags og árstíðabundinna breytinga á verkefnum hans. Þess skal gætt að sá tími sem þarf til að sinna verkefnum á faglegan og skipulegan hátt, þar sem tekið er tillit til framangreindra þátta og rúmast ekki innan dagvinnumarka, sé greiddur með yfirvinnukaupi. Stjórnendur skulu nýta sér framangreindar vinnuaðferðir.“

Fulltrúar FHS telja að sérákvæðið eigi einnig við um félagsmenn FHS í leikskólum með sérstöku tilliti til undirbúningstíma viðkomandi starfsmanna.

Fulltrúar SNS skoða málið fyrir næsta fund með því m.a. að ræða við sveitarfélög sem eru með félagsmenn FHS í leikskólum og starfa sem sérfræðingar í velferð.

## 4. Tengitafla við starfsmat

Fulltrúar FHS vilja láta lagfæra tengitöflu við starfsmat upp að launaflokki 160.

Fulltrúar SNS skoða málið.

## 5. Málefni Héraðsskjalasafna

Rætt um málefni héraðsskjalasafna sveitarfélaga og lögbundið hlutverk þeirra. SNS telur málið ekki falla undir hlutverk kjarasviðs og leggur til að málinu verði vísað til lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins til skoðunar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:15